# Ársreikningur
# 2016

Akraneskaupstaður

Byggðasafnið í Görðum

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 3-4 |
| Skýrsla og áritun stjórnar | 5 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8-9 |
| Sjóðstreymi | 10 |
| Skýringar | 11-16 |
| Rekstur deilda | 17 |

Byggðasafnið í Görðum
kt. 530959-0159
Görðum
300 Akranes

# Áritun óháðs endurskoðanda

*Til stjórnar og eigenda Byggðasafnsins í Görðum*

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

**Álit**
Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðasafnsins í Görðum fyrir árið 2016. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu safnsins 31. desember 2016, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur álits**
Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Á*byrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð safninu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi safnsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits safnsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi safnsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi safnsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:**

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, 9. maí 2017.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

____________________________________

Löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla og áritun stjórnar

Hlutverk Byggðasafnsins í Görðum er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

Ársreikningur safnsins er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur safnsins á árinu námu 55,7 millj. kr., en þar af námu rekstrarframlög eigenda um 42,8 millj. kr. Neikvæð rekstrarafkoma ársins nam 3,8 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir safnsins í árslok 70,8 millj. kr. og heildarskuldir 44,2 millj. kr. Eigið fé í lok ársins nam 26,6 millj. kr.

Byggðasafnið í Görðum er sameignarfyrirtæki og greinast eignarhlutar þannig í árslok:

| | |
|---|---|
| Akraneskaupstaður | 90% |
| Hvalfjarðarsveit | 10% |

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu safnsins á árinu 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Stjórn Byggðasafnsins í Görðum hefur í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2016 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við sveitarstjórnir eignaraðila að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, 18. apríl 2017.

**Í stjórn:**

**Forstöðumaður:**

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | 2016 | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | Áætlun | |
| Þjónustutekjur ............ | | 1.676.830 | 1.222.000 | 1.619.649 |
| Rekstrarframlög eigenda ............ | 11 | 42.780.996 | 42.781.000 | 42.550.000 |
| Innri þjónusta ............ | | 3.933.411 | | |
| Aðrir styrkir og framlög ............ | | 7.261.165 | 6.302.000 | 7.171.096 |
| | 2 | 55.652.402 | 50.305.000 | 51.340.745 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............ | 3 | 38.369.806 | 33.448.505 | 30.180.036 |
| Vöru- og efnisnotkun ............ | 4 | 1.115.674 | 769.512 | 1.052.417 |
| Annar rekstrarkostnaður ............ | 4 | 16.966.618 | 13.777.011 | 21.138.331 |
| | | 56.452.098 | 47.995.028 | 52.370.784 |
| Afskriftir ............ | 7 | 2.585.616 | 2.586.000 | 2.616.150 |
| | 2 | 59.037.714 | 50.581.028 | 54.986.934 |
| Rekstrarafkoma, (neikvæð) fyrir fjármagnsliði ............ | | (3.385.312) | (276.028) | (3.646.189) |
| **Fjármagnsliðir:** | | | | |
| Vaxtatekjur ............ | | 103.096 | | 98.902 |
| Vaxtagjöld ............ | | (500.827) | | (520.892) |
| | 5 | (397.731) | 0 | (421.990) |
| **Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) ............** | 1,2,12 | **(3.783.043)** | **(276.028)** | **(4.068.179)** |

# Efnahagsreikningur

## Eignir:

| | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Fasteignir, safnamunir | 6 | 17.841.000 | 17.841.000 |
| Aðrar eignir | | 17.841.000 | 17.841.000 |
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Húseignir | | 50.665.022 | 41.620.772 |
| Lóðarframkvæmdir | | 1.123.643 | 1.123.643 |
| Innréttingar | | 711.447 | 711.447 |
| Fastafjármunir | 2,7 | 52.500.112 | 43.455.862 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Birgðir | 2 | 299.392 | 326.094 |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 2 | 0 | 25.500 |
| Handbært fé: | | | |
| Sjóður | | 8.800 | 66.656 |
| Bankainnstæður | | 156.676 | 2.174.174 |
| Greiðslutryggðar kröfur | | 21.600 | 28.500 |
| | 2 | 187.076 | 2.269.330 |
| Veltufjármunir | | 486.468 | 2.620.924 |
| **Eignir utan efnahagsreiknings:** | | | |
| Lausafjármunir | 8 | | |
| **Eignir samtals** | 1 | **70.827.580** | **63.917.786** |

# 31. desember 2016

## Eigið fé og skuldir:

| | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Eigið fé | 9 | 26.681.069 | 30.464.112 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 10 | 27.699.452 | 20.600.228 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuld, Aðalsjóður | | 9.570.756 | 8.336.136 |
| Næsta árs afborganir langtímaliða | | 1.250.000 | 1.100.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 5.626.303 | 3.417.310 |
| | | 16.447.059 | 12.853.446 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 44.146.511 | 33.453.674 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 1 | **70.827.580** | **63.917.786** |

# Sjóðstreymi árið 2016

| | Skýr. | 2016 | 2016 Áætlun | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | |
| Rekstrarafkoma ársins, (neikvæð) ................................ | | (3.783.043) | (276.000) | (4.068.179) |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Reiknaðar afskriftir ..................................................... | | 2.585.616 | 2.586.000 | 2.616.150 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga ..................................... | | 8.359.295 | 1.424.000 | 2.375.736 |
| Veltufé frá rekstri | | 7.161.868 | 3.734.000 | 923.707 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | | |
| Birgðir, lækkun ........................................................... | | 26.702 | 58.000 | 15.273 |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) ......................... | | 25.500 | (17.000) | (19.800) |
| Skammtímaskuldir, hækkun ....................................... | | 2.208.993 | 725.000 | 1.122.666 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 2.261.195 | 766.000 | 1.118.139 |
| Handbært fé frá rekstri | | 9.423.063 | 4.500.000 | 2.041.846 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | |
| Bátaskýli ...................................................................... | | (11.629.866) | (5.000.000) | |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (11.629.866) | (5.000.000) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | |
| Greidd hlutdeild í eftirlaunum ....................................... | | (1.110.071) | (1.100.000) | (975.806) |
| Aðalsjóður Akraneskaupstaðar, breyting ........................ | | 1.234.620 | 1.318.000 | (2.753.435) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 124.549 | 218.000 | (3.729.241) |
| (Lækkun) á handbæru fé ....................................................... | | (2.082.254) | (282.000) | (1.687.395) |
| Handbært fé í ársbyrjun ........................................................ | | 2.269.330 | 682.000 | 3.956.725 |
| **Handbært fé í árslok ..........................................................** | | **187.076** | **400.000** | **2.269.330** |

# Skýringar

**Grundvöllur reikningsskilanna:**

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:**

2. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

*Innlausn tekna*

a. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þá þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags. Styrkir og framlög eru færð samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna sem standa að rekstri safnsins og samkvæmt fjárlögum ríkisins.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

*Færsla gjalda*

b. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

*Verðlags- og gengisviðmið*

c. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

*Varanlegir rekstrarfjármunir*

d. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Safnahús | 50 ár |
| Safnaskáli | 25 ár |
| Aðrir liðir | 7-16 ár |

*Birgðir*

e. Vörubirgðir eru metnar til eignar á kostnaðarverði.

*Skammtímakröfur*

f. Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði.

*Handbært fé*

g. Sjóður, bankainnstæður og greiðslutryggðar viðskiptakröfur innan 90 daga teljast til handbærs fjár.

*Eignir utan efnahagsreiknings*

h. Fjárfesting í lausafjármunum sem keyptir voru fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

**Skýringar, frh.:**

*Lífeyrisskuldbinding*

i. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna safnsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

*Fjárhagsáætlun og sundurliðanir ársreiknings*

j. Fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 12.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

**Skýringar, frh.:**

**Launagjöld:**

3. Á árinu störfuðu að jafnaði fjórir starfsmenn hjá safninu. Launagjöld greinast þannig:

| | 2016 | 2016 Áætlun | 2015 |
|---|---|---|---|
| Föst laun | 19.272.487 | 23.211.823 | 18.966.010 |
| Yfirvinna | 4.642.203 | 4.174.084 | 3.986.987 |
| Lífeyrisskuldbinding | 8.359.295 | 1.424.000 | 2.375.738 |
| Launatengd gjöld | 6.095.821 | 4.638.598 | 4.851.301 |
| | 38.369.806 | 33.448.505 | 30.180.036 |

**Rekstrargjöld:**

4. Tegundir rekstrargjalda safnsins eru birtar í deildaryfirliti hér að aftan.

**Fjármagnsliðir:**

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2016 | 2016 Áætlun | 2015 |
|---|---|---|---|
| *Fjármunatekjur* | | | |
| Vaxtatekjur | 103.096 | | 98.902 |
| | 103.096 | 0 | 98.902 |
| *Fjármagnsgjöld* | | | |
| Vaxtagjöld eigin fyrirtækja | 480.208 | | 501.112 |
| Fjármagnstekjuskattur | 20.619 | | 19.780 |
| | 500.827 | 0 | 520.892 |
| Fjármagnsliðir samtals | (397.731) | 0 | (421.990) |

**Aðrar eignir:**

6. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga fyrir ársbyrjun 2002 voru fasteignir sem eru safnamunir eignfærðar á fasteignamati í árslok 2001. Um er að ræða sex fasteignir sem varðveittar eru á lóð safnsins.

**Skýringar, frh.:**

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Húseignir | Lóða-framkvæmdir | Innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð í ársbyrjun | 164.493.059 | 11.236.438 | 7.114.467 | 182.843.964 |
| Afskrifað í ársbyrjun | (122.872.287) | (10.112.795) | (6.403.020) | (139.388.102) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 41.620.772 | 1.123.643 | 711.447 | 43.455.862 |
| Viðbót á árinu | 11.629.866 | | | 11.629.866 |
| Afskrifað á árinu | (2.585.616) | | | (2.585.616) |
| Bókfært verð í árslok | 50.665.022 | 1.123.643 | 711.447 | 52.500.112 |
| | | | | |
| Heildarverð samtals | 176.122.925 | 11.236.438 | 7.114.467 | 194.473.830 |
| Afskrifað samtals | (125.457.903) | (10.112.795) | (6.403.020) | (141.973.718) |
| Bókfært verð í árslok | 50.665.022 | 1.123.643 | 711.447 | 52.500.112 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2,8-8% | 8% | 15% | |
| | | | | |
| Vátryggingarmat | 264.250.000 | | | |
| Fasteignamat | 95.650.000 | | | |

**Eignir utan efnahagsreiknings:**

8. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga síðastliðin ár hafa tilteknar eignir safnsins verið gjaldfærðar og eru því ekki færðar sem eign í efnahagsreikningi. Hér er einkum um að ræða lausafjármuni, safnamuni og búnað í eigu safnsins sem keypt var fyrir ársbyrjun 2002 og gjaldfært í ársreikningi þegar kaupin áttu sér stað. Vátryggingarmat þessara eigna í árslok greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir, safnamunir | 134.845.000 |
| Kútter Sigurfari | 10.604.000 |
| Aðrir lausafjármunir | 193.150.000 |
| | 338.599.000 |

**Eigið fé:**

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun | 30.464.112 | 34.532.291 |
| Rekstrarniðurstaða ársins, (neikvæð) | (3.783.043) | (4.068.179) |
| | 26.681.069 | 30.464.112 |

**Skuldbindingar:**

10. Á safninu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna þess sem eiga aðild að Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á mati tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð 1.110 þús. kr. er færður í rekstrarreikning og til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Skuldbindingin er færð til skuldar í efnahagsreikningi sem langtímaskuld.

| Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig: | 31.12.2016 |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun | 21.700.228 |
| Greiddur lífeyrir | (1.110.071) |
| Breyting ársins | 8.359.295 |
| | 28.949.452 |
| Áætluð næsta árs greiðsla | (1.250.000) |
| Skuldbinding í árslok | 27.699.452 |

**Skýringar, frh.:**

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árin 2017-2021 | 4.400.000 |
| Árin 2022-2026 | 7.500.000 |
| Árin 2027-2031 | 6.300.000 |
| Síðar | 10.749.452 |
| | 28.949.452 |

**Framlög eigenda:**

11. Eigendur safnsins greiddu á árinu 42,6 millj. kr. í rekstrarframlög til þess. Framlögin greinast þannig eftir sveitarfélögum:

| | Framlag | Hundraðs-hlutur |
|---|---|---|
| Akraneskaupstaður | 38.502.996 | 90,00% |
| Hvalfjarðarsveit | 4.278.000 | 10,00% |
| | 42.780.996 | 100,00% |

**Skýringar, frh.:**

12. Samanburður rekstraráætlana:

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun byggðasafnsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar fjárhags-áætlun | Fjáhags-áætlun með viðaukum |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Rekstrarniðurstaða | 1.912.000 | (2.188.000) | (276.000) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 2.586.000 | | 2.586.000 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 1.424.000 | | 1.424.000 |
| Veltufé frá rekstri | 5.922.000 | (2.188.000) | 3.734.000 |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, breyting | 58.000 | | 58.000 |
| Skammtíkakröfur, breyting | (17.000) | | (17.000) |
| Skammtímaskuldir, breyting | 725.000 | | 725.000 |
| Breytingar | 766.000 | 0 | 766.000 |
| Handbært fé frá rekstri | 6.688.000 | (2.188.000) | 4.500.000 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum | (5.000.000) | | (5.000.000) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (5.000.000) | 0 | (5.000.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Greidd lífeyrisskuldbinding | (1.100.000) | | (1.100.000) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | (870.000) | 2.188.000 | 1.318.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | (1.970.000) | 2.188.000 | 218.000 |
| (Lækkun) á handbæru fé | (282.000) | 0 | (282.000) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 682.000 | 0 | 682.000 |
| **Handbært fé í árslok** | 400.000 | 0 | 400.000 |

# Rekstur deilda árið 2016

| | Yfirstjórn og sam. kostn. | Aðalsafnahús | Markaðs-starf | Safnaskáli og önnur söfn | Endurbyggð hús | Sigurfari | Samtals | Áætlun þús. króna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | | | | |
| Vörusala | 55.500 | | | 8.000 | | | 63.500 | 189.000 |
| Þjónusta og aðgangseyrir | 1.613.330 | | | | | | 1.613.330 | 1.033.000 |
| Rekstrarframlög eigenda | 42.780.996 | | | | | | 42.780.996 | 42.781.000 |
| Innri þjónusta | 3.933.411 | | | | | | 3.933.411 | |
| Aðrir styrkir og framlög | 843.190 | | 1.610.430 | 1.695.112 | | 3.112.433 | 7.261.165 | 6.302.000 |
| | 49.226.427 | 0 | 1.610.430 | 1.703.112 | 0 | 3.112.433 | 55.652.402 | 50.305.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | | | | |
| Launagjöld | 28.571.423 | | | 6.938.223 | | 2.860.160 | 38.369.806 | 33.448.505 |
| Vörukaup og viðhaldsvörur | 488.220 | 53.013 | 1.325 | 560.599 | 12.517 | | 1.115.674 | 769.512 |
| Prentun, fjarskipti og auglýsingar | 313.287 | | 516.962 | 18.542 | | 10.996 | 859.787 | 943.000 |
| Starfsmanna- og leigubifreiðar | 62.920 | | | 263.450 | | 15.870 | 342.240 | 256.000 |
| Ferða- og móttökukostn., námskeið | 126.756 | | 98.576 | 9.760 | | 173.197 | 408.289 | 357.000 |
| Sérfræðiþjónusta | 550.975 | 25.988 | 149.800 | 777.421 | | | 1.504.184 | 1.189.000 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta | 4.296.370 | 325.434 | 770.250 | 2.337.553 | | | 7.729.607 | 6.040.000 |
| Leigugreiðslur | 2.992 | 40.971 | | 227.980 | | | 271.943 | 210.000 |
| Orkukaup | | 662.755 | | 885.865 | 393.960 | 29.692 | 1.972.272 | 2.510.000 |
| Mannvirkjagerð og viðhald | 1.233.137 | 1.200 | 198.580 | 529.291 | | | 1.962.208 | 461.011 |
| Vátryggingar og opinber gjöld | | 713.699 | | 538.471 | 499.561 | 32.029 | 1.783.760 | 1.763.000 |
| Annar starfsmannakostnaður | 118.497 | 3.662 | 6.579 | | | 3.590 | 132.328 | 48.000 |
| | 35.764.577 | 1.826.722 | 1.742.072 | 13.087.155 | 906.038 | 3.125.534 | 56.452.098 | 47.995.028 |
| Rekstrarafkoma, (neikvæð) jákvæð fyrir fjármagnsliði | 13.461.850 | (1.826.722) | (131.642) | (11.384.043) | (906.038) | (13.101) | (799.696) | 2.309.972 |
| Afskriftir | 0 | 0 | 0 | 2.585.616 | 0 | 0 | 2.585.616 | 2.586.000 |
| Rekstrarafkoma án fjármagnsliða | 13.461.850 | (1.826.722) | (131.642) | (13.969.659) | (906.038) | (13.101) | (3.385.312) | (276.028) |
| **Fjármagnsliðir:** | | | | | | | | |
| Vaxtatekjur | 103.096 | | | | | | 103.096 | |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | (500.827) | | | | | | (500.827) | |
| | (397.731) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (397.731) | 0 |
| **Rekstrarafkoma ársins, (neikvæð) jákvæð** | **13.064.119** | **(1.826.722)** | **(131.642)** | **(13.969.659)** | **(906.038)** | **(13.101)** | **(3.783.043)** | **(276.028)** |